


Stöðugleikastuðull - heildarstöðugleiki [Kortaskýringar hungurdiska]



Jafnþrýstilínur (í hPa, við sjávarmál) eru gráar og heildregnar með 4 hPa millibili. Litafletir sýna mismun á mættishita við veðrahvörfin (hér við 2 PVU-flötinn) og jafngildismættishita í 850 hPa. Stakar tölur eru settar í sum háþörk og lágþörk. Því hærra sem tölurnar eru því stöðugra er veðrahvolfið að meðaltali. Neikvæð gildi sýna svæði þar sem veðrahvolfið getur allt oltið losni dulvarminn í 850 hPa úr læðingi. Brún og dökkbrún svæði sýna tiltölulega óstöðugt loft.

Hér má með góðum vilja greina bæði ytri mörk útstreymisskjaldar efst í þrýstikerfum og umfang hlýrra geira og óstöðugleikasvæða.

- (i) Græn og gul svæði marka útstreymisskildina (þeir sjást enn betur á veðrahvarfakorti). Með útstreymisskildi er hér átt við það svæði upp undir veðrahvörfum þar sem uppstreymisloft hefur breiðst út (ruðst meðfram veðrahvörfunum – og lyft þeim. Rétt er að rugla þessu ekki saman við úrstreymi það sem sýnt er á öðrum kortum.
- (ii) Dökkbrún svæði sýna yfirleitt skúra- eða éljasvæði – þar með óstöðug.
- (iii) Sum rauðu svæðin sýna hvar rakt loft liggur í leyni neðarlega í veðrahvolfinu og virðast oft afmarka hlýja geira í lægðakerfum. Á suðlægari breiddarstigum gætu mikil þrumuveður átt sér stað á svæðum sem þessum.

Einnig má stundum sjá dökkfjólubláar ræmur eða litla bletti. Þar er loft mjög óstöðugt – einnig má vera að sumir þessara fjólubláu bletta tengist niðurdrætti veðrahvarfanna í námunda við kröftugar lægðir. Einnig koma stöku sinnum fram fjólubláar lengjur í tengslum við straumstökk nærri fjöllum. Sömuleiðis sjást allstórar fjólubláar eða dökkbrúnar klessur óreglulegar að lögun – hér er sennilega um

að ræða „ranga“ hæðarákvörðun veðrahvarfanna – ekki er enn vitað til þess að eitthvað ákveðið veðurlag tengist slíkum klessum (einnig á veðrahvarfakortinu).